

aðlöguð legu stofnræsis að ósk tæknideildar. Aukin kvöð um tré- og gróðurbelti og mörk skipulagssvæðis færð vestur fyrir Vatnsendaveg. Greinargerð leiðrétt. Lóðir einkenndar með rauðri línu og bindandi byggingarlína skýrð með blárri línu. Afmörkun bílastæða á lóðum sýnd nánar.

Jafnframt hafa verið gerðar að ósk Skipulagsstofnunar eftirfarandi breytingar: Húsa-götur sýndar nánar. Ýtarlegri grein gerð fyrir ákvæðum um stoðveggi á lóðarmörkum og byggingarreitir kjallara og 1. hæðar aðgreindir. Greinargerð varðandi tilmæli leiðrétt og kaflinn um frávik, uppdrátti og kostnað færður á skýringaruppdrátt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. janúar 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

1. gr.

Frá og með 17. janúar 2002 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Rífsbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67° 08'0 N – 15° 56'0 V | 5. 67° 06'0 N – 14° 56'0 V |
| 2. 67° 14'5 N – 15° 28'0 V | 6. 67° 06'0 N – 15° 29'0 V |
| 3. 67° 14'7 N – 15° 05'5 V | 7. 66° 54'0 N – 15° 31'0 V |
| 4. 67° 12'3 N – 14° 54'0 V | 8. 66° 54'0 N – 15° 45'0 V |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 822, 1. nóvember 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eypórsson.